

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	08.06.2018
Málalýkill	14.1
Mátt.n.	1806111

Garðabær

Garðatorgi 7

210 GARÐABÆ

SENT Í ÁBYRGÐ

Reykjavík, 4. júní 2018

Efni: Fyrirspurn um raforkukaup

Erindi þetta snýr að beiðni Íslenskar orkumiðlunar ehf., kt. 471216-1190, Grandagarði 16, 101 Reykjavík, til Garðabæjar um upplýsingar og gögn í tengslum við raforkukaup sveitarfélagsins.

Íslensk orkumiðlun ehf. var stofnað fyrri hluta árs 2017 og fékk leyfi til þess að stunda raforkuviðskipti frá Orkustofnun 16. febrúar 2017. Íslensk orkumiðlun er fyrsta fyrirtækið sem fær slíkt leyfi eftir að samkeppni um raforkusölu og framleiðslu var bundin í raforkulög árið 2003. Fyrirtækið sérhæfir sig í að selja rafmagn til almennra notenda á samkeppnishæfu verði.

Ljóst má vera að Garðabær kaupir raforku í umtalsverðu magni og fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Má því telja að allar líkur standi til þess að raforkukaup sveitarfélagsins séu útboðsskyld á grundvelli laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Markmið laga um opinber innkaup er að tryggja jafnræði milli fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera.

Samkvæmt gildistökuákvæði laga um opinber innkaup, sbr. 123. gr., hefur sveitarfélögum frá 1. janúar 2017 borið að tilkynna opinberlega um innkaup sem eru yfir viðmiðunarfjárhæðum 1. mgr. 23. gr. laganna þar til almenn útboðsskylda tekur gildi 31. maí 2019.

Í ljósi framangreinds er óskað eftir upplýsingum og gögnum varðandi eftirfarandi, m.a. með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012:

- Hefur Garðabær boðið út raforkukaup sveitarfélagsins og/eða hyggur sveitarfélagið á útboð raforkukaupa félagsins á grundvelli laga nr. 120/2016?
- Hefur Garðabær stefnu í útboðum / innkaupum á raforku (verðstefna / almenn stefna)?
- Hver voru heildarinnkaup sveitarfélagsins á raforku árið 2017 og fyrstu 3 mánuði ársins 2018 (flokkað eftir af hverjum var keypt, hversu mikið magn og á hvaða verði).